



## Spáum 1,9% ársverðbólgu í janúar

Hagstofan birtir janúarmælingu á vísitölu neysluverðs mánudaginn 29. janúar. Hagfræðideild Landsbankans spáir 0,5% lækkun vísitölnnar milli mánaða. Gangi spáin eftir stendur ársverðbólgan í stað í 2,0%.

Vísitala neysluverðs hækkaði um 0,27% milli mánaða í desember. Það var ívið meiri hækkun en við bjuggumst við, en við spáðum 0,2% hækkun.

### Helstu áhrifaþættir milli mánaða:


- Alla jafna eru það útsölur á **fötum og skóm** sem hafa mest áhrif í janúar. Það virðist stefna í að janúarútsölnar í ár verði svipaðar og seinustu ár.
- Eins gerum við ráð fyrir að útsölnar á **húsgögnum og heimilisbúnaði** verði svipaðar og seinustu ár.
- Útfrá könnun okkar á fasteignaverði á verðsjá fasteigna gerum við ráð fyrir að **reiknuð húsaleiga** standi í stað milli mánaða.
- Hins vegar hækkar **húsnæðisliðurinn án reiknaðrar húsaleigu** vegna gjaldskrárhækkana sveitafélaga.
- Bensín og díselolía** hækkar milli mánaða aðallega vegna breytinga á bensín- og olúgjaldi.
- Við gerum ráð fyrir að **flugfargjöld til útlanda** lækki milli mánaða og verði svipuð og í janúar í fyrra.
- Matur og drykkjarvara** hækkar venjulega milli mánaða í janúar. Auk þess teljum við að gengisbreytingar í lok árs 2017 komi fram í verði núna en gengisbreytingar hafa sögulega séð oftast komið fram með eins mánaðar töf í mat og drykk.

Verð á evru hefur hækkað um 1,7% milli verðkannana og verð á Bandaríkjadal um 0,3%.

Spá okkar um breytingu milli mánaða í janúar er 0,1 prósentustigi lægri en bráðabirgðaspáin sem við birtum um miðjan desember. Skýrist það aðallega af lækkaðri spá um reiknaða húsaleigu í samræmi við nýjustu vísbendingar.

	Vægi í VNV	Spá	
		Breyt.	Áhrif
Húsn. án reikn. húsaleigu	13,9%	0,8%	0,12%
Matur og drykkjarv.	13,3%	0,7%	0,09%
Áfengi og tóbak	2,8%	2,3%	0,06%
Bensín	1,8%	3,0%	0,06%
Aðrar vörur og þjónusta	6,2%	0,6%	0,04%
Hótel og veitingast.	5,1%	0,8%	0,04%
Ferðir og flutningar - annað	4,4%	0,2%	0,01%
Menntun	0,9%	0,3%	0,00%
Reiknuð húsaleiga	20,2%	0,0%	0,00%
Heilsa	3,9%	-0,1%	0,00%
Póstur og sími	2,3%	-0,5%	-0,01%
Tómst. og menning	9,8%	-0,4%	-0,04%
Kaup ökutækja	7,0%	-0,7%	-0,05%
Flugfargjöld til útlanda	1,1%	-7,5%	-0,08%
Húsgögn og heimilisb.	3,9%	-7,4%	-0,29%
Föt og skór	3,6%	-11,7%	-0,42%
	100,0%		-0,47%

### Mánaðarbreyting VNV í janúar



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild



## Gerum ráð fyrir 1,6% ársverðbólgu í apríl

- **Febrúar: +0,6%**

Janúarútsölnurnar teygðu sig inn í febrúar í fyrra og við gerum ráð fyrir að sama verði uppi á teningnum í ár.

- **Mars: +0,3%**

Janúarútsölnurnar ganga til baka.

- **Apríl: +0,0%**

Almennt er apríl mjög tíðindalitill mánuður.

Gangi spáin eftir mun ársverðbólgan halda sér í kringum 2,0% út mars, en lækka í 1,6% í apríl.

## Töluvert mikil óvissa er um verðþróunina næstu mánuði


Segja má að töluverð óvissa ríki um verðbólguþróun næstu mánaða. Sú óvissa snýr ekki hvað síst að þróun fasteignaverðs en vægi þess í neysliverðsvísitölunni er í kringum 20%. Af þeim sökum hafa allar breytingar á fasteignaverði töluvert mikil áhrif á þróun verðlags hér á landi.

Húsnæðisliður vísitölnunnar hækkaði mikið framan af síðasta ári og fór 12 mánaða hækkun liðarins hæst í 24,3% í júlí á síðasta ári. Meðalhækkun liðarins milli mánaða mældist 1,8% á tímabilinu janúar-júlí og var minnsta hækkunin á þessu tímabili 1,2%.

Þegar leið á haustið fór að bera á skýrum merkjum kólnunar á húsnæðismarkaði. Fyrsta merkið kom í október þegar liðurinn lækkaði um 0,2% frá septembermánuði en það var fyrsta lækkun liðarins í tæp 3 ár. Enn skýrara merki um kólnun kom svo í desember þegar liðurinn lækkaði um 1,1% frá nóvembermánuði og þurfti að fara 5 ár aftur í tímann til að finna sambærilega lækkun.


Meðalbreytingin á tímabilinu október-desember var -0,2%. Hvort að þessi kólnun á fasteignamarkaði sé komin til að vera eða hvort að markaðurinn muni aftur taka við sér á næstu mánuðum er erfitt að segja. Ef húsnæðisliðurinn hækkar á næstu mánuðum líkt og hann gerði á fyrri hluta síðasta árs hljóðar spá okkar upp á 2,9% verðbólga í apríl næstkomandi að öðru óbreyttu. Verði breytingin á húsnæðisliðnum á næstu mánuðum hins vegar líkt og hún var á fjórða fjórðungi síðasta árs spáum við 1,5% verðbólgu í apríl að öðru óbreyttu.

### Verðbólguþspár



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

### Breyting á húsnæðislið VNV 2017



Heimild: Hagstofa Íslands



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild @landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.